

**Íbúaráð Kjalarness 11. janúar 2023. Tillaga íbúaráðs Kjalarness um hreinsunarátak á Esjumelum:**

Lagt er til að íbúaráð Kjalarness samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að farið verði í hreinsunarátak á Esjumelum. Slíkt hreinsunarátak verði samstarfsverkefni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, skrifstofu borgarlandsins, byggingarfulltrúa og eftir atvikum annarra hlutaðeigandi eininga innan borgarkerfisins. Átakið hefjist á vordögum 2024, eigi síðar en 15. maí.

**Greinargerð:**

Þörf er á að borgaryfirvöld og lóðareigendur, afnotahafar og rekstraraðilar á svæðinu taki saman höndum þar sem á Esjumelum hefur safnast saman töluvert magn af úrgangi, bæði almennu rusli, ýmis konar járn og ónýtum ökutækjum. Ekki er síst þörf á að hreinsa í burtu almennt rusl þar sem það fýkur yfir Vesturlandsveg þegar mikill vindur er en svæðið er vindasamt og er þetta því nokkuð algengt vandamál. Slíku fylgir slyshætta þar sem umferðarþungi er mikill auk sjónmengunar og almennrar mengunar.

Íbúaráð Kjalarness hefur af nokkrum tilefnum sent frá sér ábendingar um málið. Þá aðallega vegna rusls sem fýkur frá svæðinu yfir Vesturlandsveg. En einnig vegna þess að íbúar telja áhyggjuefni hvernig þetta svæði hefur þróast undanfarin ár og söfnunar úrgangs sem hefur þróast á svæðinu. Ábendingar hafa m.a. ratað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Eftir því sem íbúaráð Kjalarness kemst næst er aðkoma nokkurra eininga innan umhverfis- og skipulagssviðs nauðsynleg svo hreinsunarátak þetta beri árangur. Ber þar að nefna einingar borgarinnar með ólíkar valdheimildir og verk svið m.a. skrifstofu borgarlandsins, byggingarfulltrúa og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og eftir atvikum fleiri einingar innan stjórnslu Reykjavíkurborgar.